

**Tilmæli 31/2014**Fyrri skjalsnúmer:
A 1638/kulturFjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer: 14-00298-8

Viðburður í tilefni norræns útivistarárs 2015

Með tilvísun til 45. og 56. greinar í Helsingfors-samningnum hefur Norðurlandaráð þann 1. desember 2014 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu Menningar- og menntamálanefndar.

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að halda upp á norrænt útivistarár 2015 með því að halda norræna ráðstefnu um útivist í þéttbýli árið 2015 – og gjarnan í Kristiansand – sem leggur sérstaka áherslu á börn og ungmenni, náttúru, hreyfingu og heilbrigði. Hentugt væri að skipuleggja ráðstefnuna í samstarfi við *Norræna samstarfsnetið um útivist* (Det nordiske friluftsnetwork), sem getur miðlað af mikilli reynslu, sérfræðipækkingu og þekkingu á þessu sviði. Markmið ráðstefnunnar á að vera mótun sjálfbærrar norrænnar stefnu um útivist og börn og ungmenni á öllum Norðurlöndunum.

Lysebu, 1. desember 2014

Hans Wallmark

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Tilmæli 31/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1638/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer: 14-00298-8

Norðurlandaráð

Tilmæli 31/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1638/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer: 14-00298-8

Nefndartillaga um viðburð í tilefni norræns útivistarárs 2015

1. Tillaga nefndarinnar

Menningar- og menntamálanefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að halda upp á norrænt útivistarár 2015 með því að halda norræna ráðstefnu um útivist í þéttbýli árið 2015 – og gjarnan í Kristiansand – sem leggur sérstaka áherslu á börn og ungmenni, náttúru, hreyfingu og heilbrigði. Hentugt væri að skipuleggja ráðstefnuna í samstarfi við *Norræna samstarfsnetið um útivist* (Det nordiske fritluftsnetværk), sem getur miðlað af mikilli reynslu, sérfræðiþekkingu og þekkingu á þessu sviði. Markmið ráðstefnunnar á að vera mótun sjálfbærrar norrænnar stefnu um útivist og börn og ungmenni á öllum Norðurlöndunum.

2. Aðdragandi

Tilhneigingin til þéttbýlismyndunar skapar samþjappaðar borgir þar sem byggð og önnur borgarþróun veldur því að útivistarsvæði og grænar vinjar í borgunum minnka eða hverfa. Um leið verða Norðurlöndin vitni að því, líkt og stór hluti hins vestræna heims, að kyrrsetustörf, aðgerðaleysi og sjúkdómar eins og sykursýki aukast meðal íbúanna – ekki síst meðal barna og ungmenna. Að auki má greina síaukinn stéttamun, sem varðar ekki bara efnahag eða félagslegan mun, heldur líka heilbrigði og heilsufar. Þetta eru vandamál sem við stöndum andspænis á öllum Norðurlöndunum og því er skynsamlegt að eiga samstarf og deila reynslu á þessu sviði. Með samstarfi geta Norðurlöndin náð fram meiri áhrifum og ávinningi í þessum málum.

3. Umsagnarferli

Haft hefur verið samráð við *Norræna samstarfsnetið um útivist* (Det nordiske friluftsnætk - Norrænt samstarfsnet útivistarsamtaka í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi) við gerð tillögunnar.

4. Sjónarmið nefndarinnar

Norðurlöndin hafa í sameiningu tekið ákvörðun um að halda skuli upp á næsta ár sem: Norræna útivistarárið, 2015. *Norræna samstarfsnetið um útivist* styður heilshugar þetta framtak og óskar þess að viðeigandi aðilar, ráðamenn og yfirvöld geti einnig tekið þátt í fagnaðinum.

Menningar- og menntamálanefnd leggur til að haldin verði norræn ráðstefna í tengslum við hátíðahaldið. Staður fyrir ráðstefnuna gæti til dæmis verið Kristiansand í Noregi þar sem er til staðar mikil þekking, sérfræðiþekking og reynsla af náttúru, útivist og svona ráðstefnum.

Ráðstefnan gæti þannig orðið kveikjan að nýju sameiginlegu verkefni og stefnumótun á sviði útivistar og barna og ungmenna á öllum Norðurlöndunum. Þó svo að sjálfbærliðasamtök og borgaraleg samtök sýni áhuga og vinni gott starf á þessu sviði, þá er mikilvægt að ríkisstjórnir Norðurlanda séu í fararbroddi við að efla þennan málaflökk. Útivistarmálin bjóða upp á ólík sjónarhorn og fjölbreytta möguleika fyrir bæði andlega og líkamlega lýðheilsu, líkamsrækt, hreyfingu, náttúrufræði og þróun félagslegrar færni barna. Því er mikilvægt að ríkisstjórnir Norðurlandanna fari fremstar í flokki til að stuðla að þessari þróun.

5. Niðurstaða

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur menningar- og menntamálanefnd til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að halda upp á norrænt útivistarár 2015 með því að halda norræna ráðstefnu um útivist í þéttbýli árið 2015 – og gjarnan í Kristiansand – sem leggur sérstaka áherslu á börn og ungmenni, náttúru, hreyfingu og heilbrigði. Hentugt væri að skipuleggja ráðstefnuna í samstarfi við *Norræna samstarfsnetið um útivist* (Det nordiske friluftsnætnærk), sem getur miðlað af mikilli reynslu, sérfræðiþekkingu og þekkingu á þessu sviði. Markmið ráðstefnunnar á að vera mótun sjálfbærrar norrænnar stefnu um útivist og börn og ungmenni á öllum Norðurlöndunum.

Stokkhólmi, 28. október 2014

Annette Lind (S)

Aron Emilsson (SD)

Ingebjørg Amanda Godskesen (FrP)

Johan Lund Olsen (IA)

Jorodd Asphjell (A)

Katrin Sjögren (Lib)

Lars-Arne Staxäng (M)

Liselott Blixt (DF)

Peter Johnsson (S)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Sinuhe Wallinheimo (saml)

Tuula Peltonen (sd)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)

Villum Christensen (LA)

Norðurlandaráð

Tilmæli 31/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1638/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer: 14-00298-8

Norðurlandaráð

Tilmæli 31/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1638/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer: 14-00298-8